



FORSENDUR

Fyrr á þessu ári var samþykkt breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis Þórs við Skarðshlíð. Bygður verður upp keppnisvöllur samkvæmt alþjóðlegum reglum um keppnir í knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Einnig verða gerðir æfingavellir fyrir knattspyrnu.

Með nýju deiliskipulagi af æfingasvæði við Skarðshlíð er núverandi íþróttasvæði Þórs stækkað og aðstaðan aukin fyrir frjálsar íþróttir.

Skipulagssvæðið er aðliggjandi íþróttasvæði Þórs, það liggur milli Skarðshlíðar og Hörgárbrautar. Mörkinn að vestan eru við lóðamörk Útsteins og að erfðafestulandi Sunnuhvals. Að austan afmarkast skipulagssvæðið af leifum gamals vegar sem áður var þjóðvegurinn til Akureyrar, Norðurlandsvegur.

Helgunarsvæði Hörgárbrautar, sem er þjóðvegur í þéttbýli, nær inn á skipulagssvæðið 30 m frá miðlinu götu.

Innkeyrsla frá Skarðshlíð inn á lóð Útsteins er eina gatnatengingin við skipulagssvæðið.

SKÝRINGAR

Hér er um að ræða upp. 2 ha stórt opið óbyggt svæði, en þriðjungur þess er undirlagður af allt að 6 m háum klapparhól. Meðfram Hörgárbraut er mikill og þéttvaxinn trjágróður sem teygir sig utanum og umlykur stóra slétta grasflöt, mikið notuð í boltaleiki ofl. Innan skipulagssvæðisins er íbúðarlóðin Skarðshlíð 46, Útsteinn, og teygir hún sig inn á grasflötina. Nauðsynlegt er að fella undir æfingasvæðið þann hluta lóðarinnar, sem stendur inná grasflötina, svo náist að mynda heillegt svæði fyrir íþróttirnar.

Markmið með gerð þessa deiliskipulags er að auka við og bæta þá íþróttastöðu sem er í uppbyggingu á íþróttasvæði Þórs. Þetta hefur í för með sér jákvæð áhrif fyrir íþróttalokendur á vegum félaganna, en um leið lokast vettvangur sem börn og unglingar í hverfinu hafa haft fyrri boltaleiki og þess háttar.

SKILMÁLAR

Skarðshlíð 46, Útsteinn:

1182 m² partur er tekinn af lóðinni og lagður við æfingasvæðið.
Lóð fyrir breytingu : 4861,3 m²
Lóð eftir breytingu : 3679,3 m²
Nhl: 0,42
Fjöldi bílastæða: 32
Lóðin er fullbyggð.

Lóð fyrir æfingasvæði:

Stærð lóðar: 6420,0 m²
Girða skal lóðina af og skal girðing á lóðamörkum Útsteins, Skarðshlíðar 46 vera að lágmarki 1,8 m.
Aðgangur að búningastöððu er í félagsheimilinu Hamri.
Innakstur á lóð fyrir sláttuvélur og tæki skal vera um hlið gengt nýrri gangbraut á Skarðshlíð.

Útivistarsvæði: Stærð: 13254,1 m²


SKÝRINGAR:

- Mörk deiliskipulags
- Lóðamörk
- Gata - bílastæði gangstétt
- Núverandi hús sem standa
- Lóðamörk sem falla niður
- Æfingasvæði
- Útivistarsvæði
- Girðing
- Helgunarsvæði Hörgárbrautar
- Fjöldi bílastæða
- Hlíð
- Hlíð á girðingu
- 46
- Húsnúmer



Skipulagsdeild Akureyrarbaer

ÆFINGASVÆÐI VIÐ SKARÐSHLÍÐ
DEILISKIPULAGSTILLAGA



Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018

Mkv. 1:20.000

Deiliskipulag þetta var auglýst

frá 2009 til 2009

Auglýsing um deiliskipulagið var birt í

B-deild stjórnartíðinda þann 2009

Deiliskipulag þetta sem hlotið hefur meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. var samþykkt í Bæjarstjórn

Akureyrar þann 2009

Akureyri 2009

Bæjarstjórnin á Akureyri

Samhliða þessu deiliskipulagi er gerð breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 þar sem fram kemur fyrirhuguð breyting á landnotkun úr „Óbyggð svæði“ í „Opin svæði til sérstakra nota“.

arkitektur.is

Hverfisgata 26 • 101 Reykjavík • sími 562 5020 • fax 562 5086
Kaupangi • 600 Akureyri • sími 462 6727 • fax 461 1507
netfang arkitektur.is@arkitektur.is http://www.arkitektur.is

Elín Kjartansdóttir
Gísli Jón Kristinsson
Haraldur Örn Jónsson
Helga Benediktsdóttir
Guðmundur Gunnarsson
Páll Tómasson

fa
fa
fa
fa
fa
fa

Mkv. A2 1:1000 A4 1:2000 Akureyri 10.12. 2008